

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. maí 2015
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl., 622. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 7. maí sl. þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl., 622. mál. Kauphöll Íslands hf. (“Kauphöllin”) og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. (“VS”), saman Nasdaq á Íslandi, vilja koma á framfæri ákveðnum athugasemdum við frumvarpið en efni þess varðar rekstur beggja fyrirtækja með beinum hætti.

Með frumvarpinu eru settar fram tillögur að róttækum breytingum á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Þar undir falla m.a. ákvæði laga nr. 110/2007 um kauphallir, sbr. 15. og 16. gr. frumvarpsins og laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Kauphöllin og VS starfrækja annars vegar kauphöll og hins vegar verðbréfamiðstöð á grundvelli leyfa frá Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði framangreindra laga. Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér skipta því sköpum varðandi mat á rekstraráhættu beggja fyrirtækja og leggur Nasdaq á Íslandi ríka áherslu á mikilvægi þess að ákvæði varðandi viðurlög vegna brota á lögum um starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði séu skýr, vel ígrunduð, fyrirsjáanleg og gætt sé að meðalhófi varðandi afmörkun á því hvenær beita má mismunandi viðurlagaúrræðum og með hvaða hætti.

Breytingar þær sem frumvarpið felur í sér eiga að mestu rætur að rekja til mikilsháttar endurskoðunar sem á sér nú stað á löggjöf á fjármálamarkaði innan Evrópusambandsins. Hvað varðar rekstur Nasdaq á Íslandi þá byggja breytingar skv. 2. og 3. gr. frumvarpsins á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu (CSDr). Breytingar skv. 15. og 16. gr. frumvarpsins byggja þar á móti á ákvæðum tilskipunar 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II). Sú evrópulöggjöf sem hér er vísað til mun hafa stórkostlegar breytingar í för með sér og auknar kröfur verða gerðar varðandi bæði rekstur kauphalla (MiFID II) og verðbréfamiðstöðva (CSDr). Breytingar á ákvæðum umræddrar evrópulöggjafar um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði eru því settar fram í samhengi við þá viðtæku efnislegu endurskoðun sem átt hefur sér stað á löggjöf á fjármálamarkaði innan Evrópu. Þeirri löggjafarvinnu hefur þó ekki enn verið lokið innan Evrópusambandsins og ekki er fyrirséð hvenær CSDr og MiFID II verða innleidd hér á landi.

Nasdaq á Íslandi telur varhugavert að slíta ákvæði um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði úr samhengi við efnisákvæði videigandi evrópulöggjafar. Slíkt geti skapað mikla hættu á ójafnvægi varðandi mat á því hvaða viðurlagaúrræðum er videigandi að beita í tengslum við ákveðna háttsemi. Í þessu samhengi má benda á að sú háttsemi sem talin er upp í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir endurspeglar ekki að öllu leyti þá háttsemi sem vísað er til í 3.-5. mgr. 70. gr. MiFID II. Það sama má segja um þá háttsemi sem talin er upp í 1. mgr. 34. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa en þau atriði sem þar eru upp talin samræmast með engu móti þeirri háttsemi sem felld er undir 1. mgr. 63. gr. CSDr.

Nasdaq á Íslandi hvetur til þess að varlega sé farið fram í tengslum við breytingar þær sem boðaðar eru í umræddu frumvarpi og leggur áherslu á að betur færi á því að biða þess að heildstað endurskoðun fari

fram á löggjöf á fjármálamarkaði hér á landi í tengslum við innleiðingu á viðeigandi evrópulöggjöf. Einnig vill Nasdaq á Íslandi taka undir þau sjónarmið sem rakin eru í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka Atvinnulífsins sem dagsett er 18. maí 2015.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Magnús Kristinn Ásgeirsson'.

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
forstöðumaður lögfræðisviðs,
Nasdaq á Íslandi